

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

861. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 2. mars 2015 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Elín Jóna Rósinberg, aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, varamaður, Elín R. Líndal, aðalmaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála-og stjórnsýslusviðs.

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnar SSNV
 - a. frá 21. janúar sl.
 - b. frá 17. febrúar sl.
2. Fundargerð Hafnarsamband Íslands frá 13. febrúar sl.
3. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 16. febrúar sl.
4. Fundargerð stjórnar Róta frá 16. febrúar sl.
5. Rætur bs. Greinargerð um skiptingu eignarhluta SFNV 311213
6. Bréf frá Guðnýju og Jóhanni Bessastöðum v/hljóðdeyfis
7. Bréf frá Umhverfisstofnun vegna urðunar á riðuveikum ám
8. Staða mála varðandi hirðu á sorpi
9. Bréf frá sýslumanninum á Blönduósi. Ósk um umsögn vegna leyfi til reksturs veitingastaðar
10. Styrkumsókn frá Menntaskólanum á Laugarvatni.
11. Bréf frá Eignarhaldsfélagi Brunabótafélagi Íslands
12. Skipan vinnuhóps vegna viðbyggingar íþróttahúss
13. Upplýsingar um vinnumat og samkomulag sambandsins og FG
14. Ráðning rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs

Afgreiðslur:

1. **Lagðar fram til kynningar fundargerðir stjórnar SSNV**, frá 21. janúar sl. og frá 17. febrúar sl.
2. **Lögð fram til kynningar fundargerð Hafnarsambands Íslands** frá 13. febrúar sl.
3. **Lögð fram til kynningar fundargerð Sambands ísl. sveitarfélaga** frá 16. febrúar sl.
4. **Lögð fram til kynningar fundargerð stjórnar Róta bs.** frá 16. febrúar sl.
5. **Lögð fram til kynningar greinargerð um skiptingu eignarhluta SFNV 31.12.2013**
6. **Lagt fram bréf frá Guðnýju og Jóhanni á Bessastöðum dags. 18. febrúar sl.** varðandi leyfi til að eyða vargfugli í landi Bessastaða með riffli með hljóðdeyfi. Óskað

er eftir að byggðarráð breyti orðalagi í afgreiðslu sinni frá 847. fundi byggðarráðs. Að í stað „svo fremi að fyrir liggi samþykki sýslumanns“ verði bókað „svo fremi að fyrir liggi leyfi frá lögreglu í umdæmi viðkomandi aðila“ Byggðarráð samþykkir beiðni um breytt orðalag.

7. **Lagt fram til kynningar tölvubréf frá Umhverfisstofnun dags. 25. febrúar sl.** vegna urðunar á riðuveikum ám.
8. **Lögð fram til kynningar fundagerð fundar um samstarf í úrgangsmálum á Norðurlandi**, sem haldinn var á Akureyri þann 11. febrúar sl.
9. **Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi dags. 17. febrúar sl.** þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar vegna leyfis skv. lögum nr 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Jóhann Albertsson sækir um leyfi f.h. Gauksmýrar ehf. kt. 680599-2709 til að reka veitingastaðinn Sjávarborg- restaurant í flokki III að Strandgötu 1 á Hvammstanga. Byggðarráð felur sveitarstjóra að svara erindinu í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
10. **Lagt fram bréf fjáröflunarnefndar kórs Menntaskólans á Laugarvatni dags. 3. febrúar sl.** þar sem óskað er eftir styrk vegna ferðar kórsins til Danmerkur. Byggðarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðninni.
11. **Lagt fram bréf Brunabótafélags Íslands dags. 12. febrúar sl.**, þar sem kynntur er styrktarsjóður EBÍ og minnt á að umsóknarfrestur í sjóðinn rennur út í lok apríl nk. Sveitarstjóra falið að skoða málið í samstarfi við atvinnuráðgjafa.
12. **Skipan vinnuhóps vegna viðbyggingar íþróttahúss.** Byggðarráð samþykkir að skipa eftirtalda í vinnuhópinn: Magnús Eðvaldsson, Valdimar Gunnlaugsson, rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs, íþrótt- og tómsfundafulltrúa og fulltrúa frá USVH.
13. **Lagt fram til kynningar samkomulag milli Sambands ísl. sveitarfélaga og K.Í** um breytingar á kjarasamningi aðila dags. 16. febrúar sl.
14. **Ráðning rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs.** Sveitarstjóri tilkynnti að Skúli Húnn Hilmarsson hefði verið ráðinn í starf rekstrarstjóra framkvæmda- og umhverfissviðs frá 1. apríl nk. Tvær umsóknir bárust um stöðuna.

Samþykkt að taka á dagskrá:

15. **Lögð fram afskriftarbeiðni frá Sýslumanninum á Norðurlandi vestra á** sveitarsjóðsgjöldum, sem talin eru óinnheimtanleg vegna fyrningar. Samtals eru þetta kröfur með höfuðstólsupphæð kr. 4.860.964. Byggðarráð samþykkir að afskrifa framangreinda fjárhæð.
16. **Lagt fram aðalfundarboð Veidifélags Víðidalsár** sem haldinn verður í Tjarnarbrekku 8. mars nk. kl. 13:30. Sveitarstjóri verður fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og oddviti til vara.
17. **Lögð fram drög fjölskyldusviðs að umsögn Húnaþings vestra** við frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, með síðari breytingum (skilyrði fjárhagsaðstoðar). Byggðarráð samþykkir framlögð drög að umsögn og felur sveitarstjóra að senda hana inn.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 15:55

Elín Jóna Rósinberg

Elín R. Líndal

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Guðný Hrund Karlsdóttir

Guðrún Ragnarsdóttir